

Ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna stöðvunar veiða á grásleppu

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar mótmælir kröftuglega ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að stöðva fyrirvaralaust grásleppuveiðar við landið.

Stykkishólmshöfn hefur verið einn helsti löndunarstaður grásleppu á landinu um árabíl. Af 5.000 tonna heildarafla í grásleppu á síðasta ári var 30% hans veiddur við innanverðan Breiðafjörð. Í Stykkishólmi var 22% af öllum grásleppuafla landsins landað. Hlutfall grásleppu í lönduðum heildarafla í Stykkishólmshöfn nam 35% árið 2019.

Í ljósi núverandi stöðu efnahags- og atvinnumála vegna kórónuveirunnar er um að ræða gríðarlegt viðbótaráfall fyrir samfélagið í Stykkishólmi. Gildir það um grásleppusjómennina, vinnslurnar og þeirra starfsfólk auk þess sem þetta hefur veruleg áhrif á tekjur sveitarfélagsins í gegnum hafnarsjóð og þau störf sem hugsanlega munu tapast. Þá eru viðskiptasambönd og samningar vinnsluaðila í hættu á að glatast. Takmörkunin mun að óbreyttu hafa áhrif á 150 störf hér á svæðinu og ætla má að um sé að tefla hálfan milljarð í verðmætasköpun.

Nú sem aldrei fyrr þarf samfélagið stuðning opinberra stofnana til að takast á við þessar fordæmalaus aðstæður. Nauðsynlegt er að skoða frá ýmsum hliðum þá möguleika sem eru fyrir hendi til að forða frekara efnahagstjóni. Mikilvægt er að nýta þær bjargir sem standa til boða í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið um stjórn fiskveiða.

Til að vernda æðarvarp á svæðinu hefur tíðkast í áratugi að grásleppuveiðar við Breiðafjörð hefjast ekki fyrr en 20. maí ár hvert. Sú náttúruvernd hefur mætt almennum skilningi og verið talin til fyrirmyndar. Dagarnir fimmtán sem veiða má við Breiðafjörð frá og með 20. maí bæta ekki upp þá 44 daga sem sjómenn gerðu ráð fyrir að geta gert út.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar skorar á Hafrannsóknarstofnun og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoða heimild til grásleppuveiða á innanverðum Breiðafirði og fjölga veiðidögum þar til samræmis við áður gildandi reglugerð. Í því sambandi vekur bæjarstjórnin m.a. athygli á eftirfarandi:

- Árlegur grásleppuaflur við innanverðan Breiðafjörð hefur verið 1.050 tonn undanfarin fimm ár.
- Stofnvísitala grásleppu vex milli mælinga og engin vísindaleg gögn hafa komið fram um að stofnstærð grásleppu standi ekki undir þeirri nýtingu sem fyrri viðmiðunargildi ráðgjafarreglu gerði ráð fyrir.
- Eins og bent hefur verið á af þeim sem til þekkja er full ástæða til að draga í efa reiknistuðla Hafrannsóknarstofnunar við uppreikning á tunnumagni fyrri ára sem leiddi til skerðingar á ráðgjöf stofnunarinnar á leyfilegu heildaraflamarki í ár.
- Mikil grásleppugengd og afli við Norðurland bendir til að stofnin sé stærri en Hafrannsóknarstofnun gerir ráð fyrir í sinni ráðgjöf.
- Fyrir liggur að vinnslurnar á svæðinu hafa sölumarkað fyrir sambærilegt magn og var á síðasta ári.
- Hafrannsóknarstofnun hefur margoft endurskoðað útgefnar aflaheimildir í ljósi nýrra upplýsinga. Má þar nefna heimildir til loðnuveiða í gegnum tíðina.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar skorar jafnframt á Alþingi að endurskoða strax núverandi fyrirkomulag á grásleppuveiðum þannig að þessi staða geti ekki komið upp aftur. Það getur ekki staðist til frambúðar að grásleppusjómenn á innanverðum Breiðafirði, sem fara síðastir af stað, þurfi að bíða í von og óvon eftir því hvernig veiðin gangi á öðrum svæðum. Að óbreyttu er hætta á að menn fari að krefjast þess að höggvið verði í ríkjandi sátt um vernd æðarfugls og náttúru við Breiðafjörð.